

**Nd.**

**479. Nefndarálit**

um frv. til laga nm breyting á lögum um byggingar- og landnámsjóð, nr. 35, 7. maí 1928.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta á að bæta úr einstöku agnúnunni á lögnum, er komið hafa í ljós, þegar farið er að veita lán úr sjóðnum, og fellst nefndin á þær breytingar frv., er lúta að þessu. En auk þess vill nefndin bera fram brtt. við 3. gr. laganna, er á að tryggja það, að hinir efnaminni menn gangi fyrir að fá lán úr sjóðnum, eins og tilætlunin er.

Þá hlíta flestir nefndarmenn svo á, að það sé eigi í samræmi við hlntverk sjóðsins að veita lán til fyrirmyndarbúa, á meðan aðalverkefni hans er í byrjun, og vill því nefndin fella niðnr 4. gr. frv.

Nefndin ræður hv. deild til að samþykkja frv. með brtt. á þskj. 405, með eftirfylgjandi

**BREYTINGUM.**

1. Framan við frv. komi ný grein, þannig hljóðandi:

C-liðnr 3. gr. laganna orðist þannig: að hann sendi afrit af skattskrá sinni fyrir síðastl. ár nm eignir og skuldir, staðfest af skattanefnd.

2. Við 3. gr. a. Í stað »3%« komi: 4%.

3. Við 4. gr. Greinin falli burt.

Alþingi, 10. apríl 1930.

Lárns Helgason,  
form.

Þorleifur Jónsson,  
frsm.

Jón Sigurðsson,  
fundaskr.

Bernh. Stefánsson.

Einar Jónsson.